



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

30. OKTÓBER 2025
ELDBORG HARPA

MOZART & BRUCKNER

VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

FIÐLUKONSERT 28'
SINFÓNÍA 70'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

MOZART & BRUCKNER

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 30. OKTÓBER 2025 KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

EVA OLLIKAINEN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

NOAH BENDIX-BALGLEY
EINLEIKARI

WOLFGANG AMADEUS MOZART

Fiðlukonsert nr. 5 í A-dúr K 219 (1775)

Allegro aperto – Adagio – Allegro aperto
Adagio

Rondeau: Tempo di Menuetto – Allegro –
Tempo di Menuetto

HLÉ

ANTON BRUCKNER

Sinfónía nr. 7 í E-dúr WAB 107 (1884)

Allegro moderato

Adagio: Sehr feierlich und sehr langsam

Scherzo: Sehr schnell – Trio: Etwas langsamer

Finale: Bewegt, doch nicht schnell

EVA OLLIKAINEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Eva Ollikainen stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn árið 2005 þegar hún stökk inn með nær engum fyrirvara til að stjórna á framhaldsskólatónleikum. Hún stjórnaði einnig nokkrum áskriftartónleikum á árunum 2007–2010 og í febrúar 2019 stýrði hún Sinfóníuhljómsveitinni í Eldborg í Hörpu í fyrsta sinn með miklum glæsibrag. Skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi hennar. Því hlutverki hefur hún gegnt frá árinu 2020 og er fyrsta konan til að gegna þeirri stöðu.

Ollikainen nam hljómsveitarstjórn við Sibelíusarakademíuna í Helsinki sem hefur útskrifað marga afburða tónlistarmenn. Þar naut hún leiðsagnar Leifs Segerstam og Jorma Panula og hún hrepti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003, þá 21 árs að aldri. Hún hefur einnig stjórnað virtum hljómsveitum víða um heim, þeirra á meðal eru Fílharmoníuhljómsveitir Los Angeles, Stokkhólms og að sjálf sögðu Helsinki, Útvarpshljómsveitirnar í Noregi og Svíþjóð og Sinfóníuhljómsveitir BBC og Baltimore. Hún hefur einnig stjórnað óperuflutningi, meðal annars við finnsku og dönsku Þjóðaróperurnar og Konunglegu óperuna í Stokkhólmi. Eva stjórnaði í fyrsta sinn á Proms-tónlistarhátíðinni í Royal Albert Hall sumarið 2022 þegar verk Önnu Þorvaldsdóttur ANCHORA var frumflutt og hún stjórnaði einnig flutningi á sellókonsernt Önnu Þorvaldsdóttur, *Before we fall* á sömu hátíð nú í sumar.

Eva hefur oft verið gestakennari við Sibelíusarakademíuna og hér á landi hafði hún frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að spreyta sig með tónsprotann.

NOAH BENDIX-BALGLEY

EINLEIKARI



Bandaríski fiðluleikarinn Noah Bendix-Balgley sem er 1. konsertmeistari Fílharmoníuhljómsveitar Berlínar hefur einnig skapað sér hróður sem einleikari og í því hlutverki kemur hann reglulega fram í viðkunnum tónleikahöllum með fremstu hljómsveitum heims. Þar má nefna að árið 2024 lék hann á fyrstu tónleikum sínum í Carnegie Hall ásamt Berlínarfílharmoníunni sem var á tónleikaferð um Bandaríkin undir stjórn Kirill Petrenko. Hann hefur einnig ferðast með Sinfóníuhljómsveit japanska útvarpsins og komið fram með Fílharmoníuhljómsveitum Dresden, Auckland og Nagoya auk Berlínar og með sinfóníuhljómsveitum Sjanghai, Utah, Quebec, Pittsburg og Konunglegu dönsku sinfóníuhljómsveitinni. Auk þess hefur hann komið fram með hátíðarkammersveitinni á tónlistarhátíðinni í Verbier í Sviss. Bendix-Balgley hefur ferðast með Apollo's Fire Orchestra sem spilar á upprunahljóðfæri og með Kammersveitinni í Stuttgart og fyrir skemmstu stóð hann fyrir vikulangri tónlistarhátíð til heiðurs fiðlunni í heimabæ sínum Asheville ásamt sinfóníuhljómsveit borgarinnar. Hljómsveitarstjórar sem hann hefur unnið með eru auk Petrenko, Manfred Honeck, Marek Janowski, Gustavo Gimeno, Leonard Slatkin, Long Yu, Nikolaj Szeps-Znaider, Marie Jacquot, Fabien Gabel, og JoAnn Falletta.

Bendix-Balgley hefur áhuga á fjölbreyttri tónlist og er meðlimur í ólíkum hópum; þar má nefna sjö manna tónlistarhópinn Philharmonix sem flytur fjölbreytta tónlist, gjarnan popplög, og strengjakvartettinn Rosamunde auk þess sem hann er þekktur fyrir flutning á Klezmer-tónlist. Á síðasta starfsári má nefna að hann kom fram með Orfeus-kammersveitinni í New York, Orquestra de Valencia og Þjóðarhljómsveitinni í Lyon. Dagskáin er þétt skiptuð hjá Bendix-Balgley, skömmu áður en hann kom hingað ferðaðist hann um Bandaríkin með strengjakvartettinum Rosamunde og eftir að hann fer héðan taka við tónleikar í Evrópu og Kóreu.

WOLFGANG AMADEUS MOZART

FÍÐLUKONSERT NR. 5 Í A-DÚR



TÓNLISTIN OG SÍ


Konsertinn var fyrst fluttur af fyrirrennara SÍ, Hljómsveit Reykjavíkur, á minningartónleikum á 150 ára ártíð tónskáldsins í desember 1941. Björn Ólafsson lék einleikspartinn en Victor Urbancic stjórnaði. Konsertinn hefur verið fluttur ellefu sinnum á tónleikum SÍ, fyrst af Valerij Klímoff í Þjóðleikhúsinu 1957. Aðrir flytjendur með SÍ hafa t.d. verið má Wolfgang Schneiderhan, Guðný Guðmundsdóttir og Nicola Benedetti, í Eldborg árið 2015 og árið 2022 var Simos Papanas einleikari, stjórnandi Kornilios Michailidis.

Það er athyglisvert að Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) samdi alla fíðlukonserta sína sama árið, 1775, þegar hann var aðeins nítján ára gamall og hefur líklega einnig frumflutt þá alla, þann fimmta og síðasta á tónleikum í Salzburg í desember það ár. Síðan eru því liðin tæp 250 ár. Þessi konsert er víðamestur allra fíðlukonserta Mozarts, hann leiftrar af hugmyndaauðgi og leikgleði og óvæntar hraða- og taktbreytingar – sérstaklega í síðasta kaflanum – teygðu konsertformið inn á nýjar brautir.

Yfirskrift fyrsta þáttar er *Allegro aperto*, þar sem *aperto* gefur til kynna að spila skuli breitt og tignarlega. Þessi yfirskrift er ekki algeng í konsertum Mozart en sést nokkuð víða í óperum hans. Rísandi stefið byggir auk þess upp ákveðna eftirvæntingu fyrir framhaldinu. Fiðlan kemur síðan inn með mjúka og mun hægari laglínu, sem er óvenjulegt í konsertum Mozarts þar sem búast hefði mátt við framhaldi í sama anda. Hún tekur þó fljótlega undir í hinu tignarlega upphafstefi þáttarins. Hægi þátturinn sem er *Adagio*, er innilegur, fagur og draumkenndur. Mozart samdi nýjan kafla fyrir fiðluleikarann Antoni Brunetti en hann hafði kvartað undan því að sá sem var fyrir væri full tilgerðarlegur. Kaflinn er í E-dúr sem Mozart virðist ekki hafa notað oft í verkum sínum. Síðasti þátturinn, *Rondo finale*, byggir að mestu á menúett sem hljómar nokkrum sinnum í gegnum kaflann. Um miðbik þáttarins breytist þó yfirbragðið, skipt er yfir í a-moll og annað stef tekur yfir með annan rytma og laglínu frá framandi slóðum. Sá hluti er ástæðan fyrir því að konsertinn er stundum kallaður „Tyrkneski konsertinn“, þar má reyndar heyra svipaða takta og í *Rondo alla Turca* í píanósónötu Mozarts nr. 11 í a-moll.

ANTON BRUCKNER

SINFÓNÍA NR. 7 Í E-DÚR



TÓNLISTIN OG SÍ

Hljómsveitin hefur fjórum sinnum áður flutt 7. sínfóníu Bruckners. Fyrst 1987 undir stjórn Franks Shipway, næst 2000 þegar Ole Kristian Ruud stjórnaði, síðan 2007 undir stjórn Petri Sakari og loks 2010 þegar Pietari Inkinen hélt um stjórnvölinn.

Anton Bruckner (1824–1896) var tónskáld og organisti og er helst þekktur fyrir sínfóníur sínar og trúarleg verk, bæði messur og mótettur. Það eru þó einkum sínfóníurnar, ekki síst sú sjöunda, sem hafa haldið nafni hans á lofti. Fram að frumflutningi hennar hafði sínfóníum hans verið tekið af fálæti en viðtökurnar voru slíkar að þær ollu þáttaskilum á ferli Bruckners og skipuðu honum eftir það í fremstu röð sínfónískra tónskálda 19. aldarinnar. Þar réð mestu ríkulegt hljómrænt myndmál og flókin fjölröddun.

Bruckner fæddist í litlu þorpi í Austurríki, afkomandi bænda og handverksmanna og var elstur ellefu systkina. Afí hans og faðir gegndu þó skólastjórastöðu í bænum og faðir hans var fyrsti tónlistarkennari hans. Orgelið var fyrsta hljóðfærið og hann varð mjög tengdur því, æfði sig stundum hálfan sólarhringinn. Eftir dauða föðurins var hann sendur í klausturskóla þar sem hann var kórdrengur og lærði einnig á fiðlu. Hann hélt lengi áfram námi og lagði fyrst og fremst stund á hljómfræði og kontrapunkt auk þess sem hann starfaði sem organisti og sinnti tónsmíðum. Þáttaskil urðu í tónsköpun Bruckners þegar hann heyrði fyrst óperuna Tannhäuser eftir Richard Wagner árið 1863, þegar hann var 39 ára gamall.

Sjöunda sínfónía Antons Bruckners er ein þekktasta sínfónía tónskáldsins og er talin meðal hornsteina síðrómantísku sínfóníunnar. Hún var samin á tímabilinu 1881–1883, frumflutt ári síðar í óperuhúsinu í Leipzig og tileinkuð Loðvíki II, konungi af Bæheimi. Hún var endurskoðuð að einhverju leyti árið 1885. Wagner, sem var mikil fyrirmynd Bruckners, lést skömmu áður en smíði sínfóníunnar lauk og ljóst að virðing Bruckners fyrir óperutónskáldinu birtist með ýmsum hætti í verkinu. Þessi tónskáld eru samt mjög ólík að því leyti að Wagner samdi fyrst og fremst óperur og verk sem byggja á sterkri vísun út fyrir sjálfa tónlistina, ekki síst í forna norræna goðafræði en sínfóníur án nokkurrar vísunar út fyrir sjálft formið urðu helsta tjáningarleið Bruckners. Segja má að Bruckner hafi skorið sig úr hópi tónskálda á þessum tíma því hann tók ekki þátt í væringum og flokkadráttum þeirra – sem snerust einmitt helst um hvort tónlistin skyldi vera sjálfri sér næg eða mætti styðjast við prógram, þ.e. sögu eða texta.

Bruckner hélt því fram að upphaf 7. sinfóníurnar hefði birst honum í draumi. Hér má heyra tremóló í strengjum og upp úr því steymir fögur laglína flutt af sellóum, reyndar spiluð á víólu í draumnum. Þrátt fyrir það er þetta vísun í stef úr Credo-kafla Messu hans í d-moll frá 1864. Hér má ekki síður heyra greinileg áhrif frá Wagner, langar, ægifagar og líðandi línur sem virðast geta haldið endalaust áfram. Þrjú aðalstef eru í kaflanum sem fléttast sérlega fallega saman og hann endar á coda.

Þegar Bruckner byrjaði á öðrum þætti, *Adagio: Sehr feierlich und sehr langsam*, var hann í uppnámi eftir að hafa frétt að Wagner væri dauðvona. Hér gefur að heyra fjórar Wagner-túbur og þetta var í fyrsta skipti sem þær hljómuðu í sinfóníu. Hljóðfærið sameinar eiginleika venjulegrar túbu og fransks horns og var fyrst útbúið eftir fyrirsögn Wagners og nefnt eftir honum. Þær líkjast frönsku horni þó meira og yfirleitt er leikið á þær af hornleikurum. Sagan segir að Bruckner hafi enn verið með þáttinn í smíðum þegar hann frétti dauða Wagners og hápunktur hans hefur verið tengdur við þær fréttir. Þriðji þáttur, sem er *Scherzo* og *Trío* eins og hefðin býður, hefst á fremur glaðlegu, taktföstu stafi í strengjum og upp úr því rís stef sem einkennist af áttundastökkum í einleikstrompet. Trío-hluti kaflans er mun hægari með gangandi fjórðapartsnótum í dekkri röddum og syngjandi stafi í þeim efri. Þriðji þátturinn er þó í heild glaðlegur og bjartur og því alger andstæða annars þáttarins. Í fjórða þætti eru þrjú aðalstef sem vísa gjarnan í aðra þætti verksins. Hann ber yfirskriftina *Finale: Bewegt, doch nicht schnell* og er fyrst og fremst tignarlegur, jafnvel abúðarmikill á köflum þar sem málmbláasarar gegna stóru hlutverki.

Ingibjörg Eyþórsdóttir

*Kvika eignastýring veitir allblíða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Jensdóttir
Lin Wei
Joanna Bauer
Laura Liu
Ísak Ríkharðsson
Pétur Björnsson
Sigrún Harðardóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Bryndís Pálsdóttir

2. FIDLA

Gunnhildur Daðadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Justyna Bidler
Sólveig Steinþórsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Þórdís Stross
Ingrid Karlsdóttir
Greta Salóme Stefánsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrud Harðardóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Hafrún Birna Björnsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Margrét Arnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Helga Björg Ágústsdóttir
Urh Mrak

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthias Nardeau

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Hugues Viallon
Alec Frank-Gemmill
Yi-Ling Shih

WAGNER TÚBUR

Justin Mange
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Jason Friedman

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Elis

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Marco Santos
Steeff van Oosterhout

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Arnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar

Margrét Ragnarsdóttir

markaðs- og kynningarstjóri

Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrun Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri
Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Althea Wetter
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

Á DÖFINNI

MUGISON OG SINFÓ

FIMMTUDAGUR 6. NÓVEMBER OG FÖSTUDAGUR 7. NÓVEMBER KL. 19:00

Mugison er einn af ástsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar og stígur nú í fyrsta sinn á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar. Saman ferðast Mugison og Sinfó um fjölbreyttan tónlistarheim hans sem er litaður af tilfinningum, dýpt og einstökum hljóðheimi. Tónleikarnir eru framhald á samstarfi hljómsveitarinnar og tónlistarhátíðarinnar Icelnad Airwaves.



SHOSTAKOVITSJ & PROKOFIEV

FIMMTUDAGUR 13. NÓVEMBER KL. 19:30

Heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Osmo Vänskä, ásamt hollenska fiðluleikaranum Lizu Ferschtman flytja okkur tvö stórvirki rússneskra tónbókmennta 20. aldar: Fyrsta fiðlukonsert Shostakovitsj, sem saminn var í skugga ofsókna stjórnvalda á hendur honum og 6. sínfóníu Prokofíevs sem samin var til minningar um fórnarlömb síðari heimstyrjaldarinnar. Á tónleikunum verður einnig Íslandsfrumflutningur á tónverkinu Elysium eftir tónskáldið Samy Moussa.



LIZA FERSCHTMAN LEIKUR BACH

EINLEIKSTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSU FÖSTUDAGUR 14. NÓVEMBER KL. 18:00

Sónötur og partítur J. S.Bachs fyrir einleiksfiðlu eru tvímælalaust meðal hápunkta fiðlubókmenntanna og hér tekst hollenski fiðluleikarinn og einleikarinn frá kvöldinu áður, Liza Ferschtman, á við tvær þeirra: Sónötu nr. 2 BWV 1003 og hina margslungnu partítu nr. 2 BWV 1004. Í verkunum birtist fiðlan sem fjölradda hljóðfæri og hinn þéttofni vefur Bachs gerir oft gríðarlegar kröfur til hljóðæraleikarans. Lokapáttur partíttunnar, Sjakonna, er af mörgum talin ein mikilfenglegasta tónsmíð sögunnar.



AÐVENTUTÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR



4. DESEMBER KL.19:30
ELDBORG HARPA

FABIO BIONDI
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

JULIA HANTSCH
EINLEIKARI

Sinfóníuhljómsveit Íslands slær hátíðlegan takt í upphafi aðventu með komu ítalska hljómsveitarstjórans og fiðluleikarans Fabio Biondi. Hann er einn þekktasti stjórnandi samtímans á sviði tónlistar frá barokk- og klassíska tímanum og leiðir hér Sinfóníuna í efnisskrá sem inniheldur margar þekktar perlur úr tónbókmenntum fyrri tíma.